

## REGLUGERÐ

### um breytingu á reglugerð nr. 368/2000, um söfnun, endurvinnslu og skilagjald á einnota umbúðir fyrir drykkjarvöru.

1. gr.

4. ml. 1. gr. orðist svo:

Skilagjald skal nema 13,08 kr. án virðisaukaskatts á hverja umbúðaeiningu.

2. gr.

2. gr. orðist svo:

Umsýsluþóknun skal leggja til viðbótar skilagjaldi á hverja umbúðaeiningu úr stáli, gleri og plastefni og skal fjárhæð hennar án virðisaukaskatts vera 4,63 kr. á umbúðir úr stáli, 3,40 kr. á umbúðir úr gleri stærri en 500 ml, 2,44 kr. á umbúðir úr gleri 500 ml og minni, 2,09 kr. á umbúðir úr lituðu plastefni og 0,86 kr. á umbúðir úr ólituðu plastefni.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 4. gr. laga nr. 52/1989 um ráðstafanir gegn umhverfismengun af völdum einnota umbúða fyrir drykkjarvörur og öðlast gildi 1. nóvember 2010.

*Umhverfisráðuneytinu, 26. október 2010.*

F. h. r.

**Magnús Jóhannesson.**

*Sigríður Auður Arnardóttir.*